



1. febrúar 2010

Athugasemdir Landverndar varðandi tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps

Landvernd telur jákvætt að í stefnumarkmiðum fyrir aðalskipulagið segir að gæta skuli náttúruverndarsjónarmiða, athafnir skuli vera innan þeirra markmiða sem náttúran þolir og auðlindanotkun skuli vera sjálfbær. Einnig að stuðla beri að vistvænni og menningartengdri ferðaþjónustu sem samrýmist verndun umhverfis og arfleifðar. Gert er ráð fyrir göngu- og hjóltreidastígum, umbótum í frárennismálum og að tryggt verði öryggi gegn náttúruvá. Í töllögunni kemur fram að gerðar verði landnýtingaráætlanir á öllum jörðum í hreppnum og áætlanir um landabætur þar sem jarðvegseyðing er vandamál. Þá er einnig ánægjulegt að stefnt skuli að því að sveitarfélagið verði virkur þátttakandi í verkefni Landverndar *Vistvernd í verki*.

Landvernd gerir hinsvegar athugasemdir við eftirfarandi í tillögum að aðalskipulaginu.

Á bls.14 segir að í „öllum tilfellum skuli leitað umsagnar Umhverfisstofnunar áður en framkvæmda- og bygginarleyfi er veitt á slíkum stöðum“. Hér er gengið út frá því að í öllum tilfellum sé framkvæmda- og byggingaleyfi veitt. Það hlýtur þó ætíð að vera háð því að umrædd framkvæmd sé í samræmi við markmið aðalskipulagsins, m.a. um sjálfbærni og náttúruvernd. Það væri því ástæða til að skoða þetta orðalag.

Á bls. 14 segir einnig að halda beri selastofni niðri til að vernda ósa. Eðlilegt er að selir séu nýttir með sjálfbærum hætti en að selir séu bornir saman við mink sem skaðvaldur vekur undrun. Þetta krefst frekari skýringa.

Á bls. 18 segir að „afmörkun bænda(nytja)skógræktar verði ekki tilgreind í aðalskipulagsupprætti, heldur gilda almenn ákvæði um þá landnýtingu“. Þó að þetta sé í fullu samræmi við gildandi reglur um aðalskipulag hefur Landvernd lengi haldið því fram að það væri heillvænlegt að tilgreina skógræktarsvæði sérstaklega í aðalskipulagi svo öllum almenningi megi vera ljóst hvað stendur til. Skógrækt er afar áberandi í öllu landslagi og um hana eru skiptar skoðanir og því mikilvægt að það sé fyrirbyggjandi hvar fyrirhugað sé að rækta skóga í viðkomandi sveitarfélagi. Aðalskipulag er heppilegur vettvangur til að kynna þau svæði þar sem skógrækt er áformuð og til að gefa almenningi kost á að gera athugasemdir ef tilefni er til þess.

Í kafla um náttúrvá og öryggismál þyrfti að fjalla um hugsanleg áhrif loftslagsbreytinga. Byggðin liggur við fjórða stærsta jökul landsins og um hana falla margar jökulár. Einnig liggur þéttbýlið í Vík afar nálægt sjávarborði. Væntanleg hlýnun á næstu áratugum mun valda mikilli bráðnun jökla og það mun óhjákvæmilega hafa áhrif á vatnafar í Mýrdalshreppi. Það er mikilvægt að aðalskipulag taki til umfjöllunar þessa þætti sem geta haft afar mikil áhrif á búsetu í sveitarfélaginu.


Í aðalskipulaginu er lagt til að þjóðvegur eitt verði færður þannig að hann fari með sjónum sunnan byggðarinnar, um göng um Reynisfjall og svo vestur norðan Dyrhólaóss. Þessi framkvæmd mun hafa afar mikil áhrif á þetta svæði sem verður að teljast ein mikilvægasta náttúruarfleifð byggðarlagsins og ein af perlum íslenskrar náttúru. Landvernd tekur undir umsögn Umhverfisstofnunar frá september 2009 um mikilvægi svæðisins og þann skaða sem áformaður vegur mun valda. Landvernd tekur líka undir umsögn Skipulagsstofnunar um „að í niðurstöðu samanburðar allra vegkosta, að undanskildum þeim kosti að endurbæta núverandi leið, eru áhrifin neikvæð/verulega neikvæð á náttúruvarslegu þætti og neikvæð/verulega neikvæð eða óviss á náttúru- og menningargminjar“.

Í sérstakri skýrslu um umhverfisáhrif er fjallað nánar um framangreinda vegaframkvæmd. Í þeirri greiningu er mikið fjallað um umferðaröryggi og styttingu hringvegjar. Það er miður að ekki er gerð tilraun til að útskýra hvernig hinir ýmsu valkostir í vegagerð hafa áhrif á umferðaröryggi. Ekki eru gefnar upp neinar tölur um slysatíðni né áætlað hvernig hún kann að breytast með breyttu vegakerfi. Eins þarf að taka tillit til umsagnar Vegagerðarinnar frá síðasta ári um að „Hringvegurinn hefur sérlega stóru hlutverki að gegna varðandi flóttaleiðir við Kötlugos. Vegagerðin telur umferðaröryggi vegfarenda síður tryggt verði Hringvegurinn sunnan byggðarinnar í Vík en ofan hennar.“ Þá er nútímatækni ekki beitt til að útskýra með myndum þau sjónrænu áhrif sem vegur kann að hafa. Það er rík ástæða til að gera mun ítarlegri athugun á þessu máli áður en tekin er svo afdrifarík ákvörðun. Fyrirliggjandi gögn eru á engan hátt fullnægjandi. Ein leið til að skoða málið betur gæti verið að gera kostnaðar- og nytjagreiningu eins og alvanalegt er þegar svo mikilvæg mál eru tekin til skoðunar.

Eitt atriði sem mætti skoða betur eru áhrif þess að sameina efri leið um Vík (L4 austan Reynisfjalls) og núverandi leið um Gatnabrún. Með því má leiða umferðina utan við byggðina en jafnframt hlífa þeim náttúruverðmætum sem yrði spillt með því að fara með þjóðveginn meðfram ströndinni og um göng um Reynisfjall.

Að öllu framansögðu þá telur Landvernd stefnumarkmið aðalskipulagsins um náttúruvernd og sjálfbærni afar jákvæð en telur ýmsa þætti þess ekki samrýmast þessum stefnumarkmiðum. | Má þar helst nefna færslu hringvegarins sem Landvernd telur að geti haft í för með sér umtalsverð spjöll á náttúru og landslagi á svæðinu.

Með vinsemd og virðingu,



Lára Vilhjálmsdóttir
framkvæmdastjóri